

18. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

18. fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 27. október 2020 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps klukkan 17. Á fundinn mættu nefndarmenn Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson, ásamt sveitarstjóra, Jóni G. Valgeirssyni.

Dagskrá fundarins var að fara yfir það sem snýr að fjármálum landbúnaðarnefndar. Sveitarstjóri fór yfir stöðu fjármála sem af er ári 2020. Jafnframt kynnti hann fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

1. Girðingar
 - a. Í sumar var 3km kafli á afréttargirðingunni endurgirtur. Kolbeinn XX sá um það verkefni. Við vonumst til að það verði hægt að klára girðinguna á næsta ári, en það eru ca. 3km eftir.
2. Viðhald fjallvega
 - a. Það er alltaf þörf á fjármagni til að viðhalda fjallvegum.
3. Fjallaskálar
 - a. Helgaskáli var endurbættur í sumar og tókst það mjög vel til. Umsjónarmenn fjallaskálanna eiga mikið hrós skilið fyrir það verkefni.
 - b. Það er mikil þörf á betri salernisaðstöðu í Svínárnesi. Nefndin óskar eftir því að það verkefni verði í forgangi á næsta ári.
4. Minka- og refaveiði
 - a. Mikil ánægja með minka- og refaveiðimennina og vonumst við eftir áframhaldandi samstarfi við þá.
5. Réttir
 - a. Það á eftir að klára milligrindur í réttunum, að skipta út trégrindum fyrir stálgrindur.
6. Fjallskil
 - a. Landverð verður óbreytt frá því í fyrra, 1.3%
 - b. Búfé per/haus hækkar úr 87 kr í 89 kr.

Fundi slitið klukkan 17:42